

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) nr. 1257/2013

2018/EES/85/22

frá 20. nóvember 2013

um endurvinnslu skipa og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1013/2006 og tilskipun 2009/16/EB (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFU,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 1. mgr. 192. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins⁽¹⁾,

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð⁽²⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Reglur um skip sem teljast til úrgangs og sem eru flutt á milli landa til endurvinnslu voru settar með Basel-samningnum frá 22. mars 1989 um eftirlit með flutningi spilliefna milli landa og förgun þeirra (Basel-samningurinn) og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1013/2006⁽³⁾. Reglugerð (EB) nr. 1013/2006 kemur til framkvæmda Basel-samningnum og breytingu⁽⁴⁾ á þeim samningi, sem var samþykkt árið 1995, sem hefur enn ekki gengið í gildi á alþjóðavettvangi og sem kemur

á banni við útflutningi á hættulegum úrgangi til landa sem ekki eru aðilar að Efnahags- og framfarastofnuninni (OECD). Slík skip eru almennt flokkuð sem hættulegur úrgangur og bannað er að flytja þau út frá Sambandinu til endurvinnslu á starfsstöðvum í löndum sem eru ekki aðilar að Efnahags- og framfarastofnuninni.

2) Fyrirkomulagið við vöktun á beitingu og framfylgd nógildandi laga Sambandsins og alþjóðalaga er ekki lagað að séreinkennum skipa og alþjóðasjóflutninga. Með átaki í samstarfi á milli Alþjóðavinnuumálastofnunarinnar (ILO), Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO) og skrifstofu Basel-samningsins hefur tekist að ná alþjóðlegu samkomulagi um innleiðingu lögboðinna krafna í þeim tilgangi að tryggja hagkvæma og skilvirka lausn á háskalegum og ótraustum starfsháttum við endurvinnslu skipa, í formi alþjóðlega Hong Kong-samningsins um örugga og umhverfisvæna endurvinnslu skipa („Hong Kong-samningurinn“).

3) Eins og stendur er ónóg geta til endurvinnslu skipa í OECD-löndum sem skip sem sigla undir fána aðildarríkis hafa löglegan aðgang að. Geta til öruggar og umhverfisvænnar endurvinnslu skipa í löndum sem eru ekki aðilar að Efnahags- og framfarastofnuninni nægir eins og er til að meðhöndla öll skip sem sigla undir fána aðildarríkis og reiknað er með að hún aukist enn frekar fram til 2015 vegna aðgerða endurvinnslulanda til að uppfylla kröfurnar í Hong Kong-samningnum.

4) Hong Kong-samningurinn var samþykktur 15. maí 2009 undir forsjá Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar. Hong Kong-samningurinn tekur ekki gildi fyrr en 24 mánuðum eftir að hann hefur verið fullgiltur af a.m.k. 15 ríkjum, sem hafa yfir að ráða samanlagt a.m.k. 40% af kaupskipaútgærd heimsins í brúttótonnum talið og samanlögðu hámarksmagni árlegrar endurvinnslu skipa undanfarin 10 ár sem nær a.m.k. þremur prósentum af samanlagðri kaupskipaútgærd sömu ríkja í brúttótonnum

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 330, 10.12.2013, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 257/2018 frá 5. desember 2018 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) og XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB C 299, 4.10.2012, bls. 158.

(2) Afstaða Evrópuþingsins frá 22. október 2013 (hefur enn ekki verið birt í *Stjórnartíðindunum*) og ákvörðun ráðsins frá 15. nóvember 2013.

(3) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1013/2006 frá 14. júní 2006 um tilflutning úrgangs (Stjtið. ESB L 190, 12.7.2006, bls. 1).

(4) Breyting á Basel-samningnum („bannbreytingin“) samþykkt með ákvörðun III/1 aðilanna að Basel-samningnum.

talið. Samningurinn nær til hönnunar, smíði, reksturs og undirbúnings skipa með það fyrir augum að greiða fyrir öruggri og umhverfisvænni endurvinnslu án þess að áhætta skapist fyrir öryggi skipsins og skilvirkni í rekstri þess. Hann nær einnig til reksturs skipaendurvinnslustöðva á öruggan og umhverfisvænan hátt og að komið verði á viðeigandi tilhögun við framfylgd vegna endurvinnslu skipa.

- 5) Tilgangurinn með þessari reglugerð er að greiða fyrir að Hong Kong-samningurinn verði fullgiltur fyrr en seinna, bæði innan Sambandsins og í þriðju löndum, með því að beita viðeigandi eftirliti með skipum og skipaendurvinnslustöðvum á grunni samningsins.
- 6) Í Hong Kong-samningnum er skýrt kveðið á um að aðilarnir að honum skuli gera strangari ráðstafanir, sem eru í samræmi við reglur þjóðaréttar, að því er varðar örugga og umhverfisvæna endurvinnslu skipa, til að koma í veg fyrir, draga úr eða lágmarka hugsanleg skaðleg áhrif á heilbrigði manna og umhverfið. Með tilliti til þessa ætti í þessari reglugerð að kveða á um vernd gegn hugsanlegum skaðlegum áhrifum frá hættulegum efnum um borð í öllum skipum sem koma í höfn eða akkerislægi í aðildarríki, jafnframt því að tryggja að farið sé að ákvæðum þjóðaréttar um þessi efni. Til að tryggja vöktun á því að farið sé að kröfunum sem tengjast hættulegum efnum samkvæmt þessari reglugerð ættu aðildarríkin að beita landsbundnum ákvæðum varðandi framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/16/EB ⁽¹⁾. Í dag er staðan sú að skoðunarmönnum við hafnaríkiseftirlit er falið að skoða vottorð og prófa á virkan hátt fyrir hættulegum efnum, þ.m.t. asbesti, samkvæmt samningnum um öryggi mannlífa á hafinu („SOLAS“). Í Parísarsamkomulaginu um hafnaríkiseftirlit er kveðið á um samhæfða nálgun fyrir þessa starfsemi.
- 7) Tilgangurinn með þessari reglugerð er einnig að draga úr misræmi milli rekstraraðila í Sambandinu, í OECD-löndum og í þeim þriðju löndum sem málið varðar, að því er varðar heilbrigði og öryggi á vinnustöðum og umhverfisstaðla og að beina skipum sem sigla undir fána aðildarríkja til skipaendurvinnslustöðva þar sem beitt er öruggum og umhverfisvænum aðferðum við niðurrif skipa í stað þess að beina þeim til ófullnægjandi stöðva eins og nú er vaninn. Samkeppnishæfni öruggar og umhverfisvænnar endurvinnslu og meðhöndlunar skipa á skipaendurvinnslustöðvum í aðildarríkjum myndi þar með aukast. Stofnun Evrópuskrár yfir skipaendurvinnslustöðvar („Evrópuskráin“) sem uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í þessari reglugerð myndi styðja við þessi markmið og einnig bæta framfylgd með því að greiða fyrir eftirliti aðildarríkja með skipum, sem sigla undir fána þeirra, sem fara til endurvinnslu. Umræddar kröfur til skipaendurvinnslustöðva ættu að byggjast á kröfunum í Hong Kong-samningnum. Í þessu

tilliti ættu skipaendurvinnslustöðvar, sem eru samþykktar í samræmi við þessa reglugerð, að uppfylla nauðsynlegar kröfur til að tryggja vernd umhverfisins, heilbrigði og öryggi starfsmanna og umhverfisvæna stjórnun úrgangs sem er endurheimtur úr skipum við endurvinnslu. Að því er varðar skipaendurvinnslustöðvar sem eru staðsettar í þriðja landi ætti krafan að ná fram heilsuvernd manna og umhverfisvernd á háu stigi sem samsvarar í grófum dráttum því sem er í Sambandinu. Skipaendurvinnslustöðvar sem uppfylla ekki þessar lágmarkskröfur ættu því ekki að vera færðar í Evrópuskrána.

- 8) Beita ætti jafnræðisreglunni í lögum Sambandsins og beiting hennar vöktuð, einkum þegar Evrópuskráin er sett á laggirnar og uppfærð að því er varðar skipaendurvinnslustöðvar sem eru staðsettar í aðildarríki og skipaendurvinnslustöðvar sem eru staðsettar í þriðja landi og uppfylla kröfurnar í þessari reglugerð.
- 9) Aðildarríkin eru hvött til að samþykkja viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að skip sem eru undanskilin gildissviði þessarar reglugerðar séu nýtt á hátt sem er í samræmi við þessa reglugerð, að svo miklu leyti sem það er sanngjarnt og framkvæmanlegt.
- 10) Til að komast hjá tvítekingu er nauðsynlegt að undanskilja skip, sem sigla undir fána aðildarríkis og falla undir gildissvið þessarar reglugerðar, frá gildissviði reglugerðar (EB) nr. 1013/2006 og tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB ⁽²⁾, eftir því sem við á. Reglugerð (EB) nr. 1013/2006 gildir um tilflutning úrgangs frá Sambandinu, með fyrirvara um undanþágur fyrir tiltekna flokka úrgangs þegar annað fyrirkomulag gildir. Með þessari reglugerð eru skip, sem falla undir gildissvið hennar, sett undir eftirlit sem varir allan vistferil þeirra og henni er atlað að tryggja að umrædd skip séu endurunin á umhverfisvænan hátt. Því er rétt að tilgreina að reglugerð (EB) nr. 1013/2006 ætti ekki að gilda um skip sem fellur undir annað eftirlitsfyrirkomulag samkvæmt þessari reglugerð meðan á vistferli þess stendur. Skip, sem hvorki falla undir gildissvið Hong Kong-samningsins né þessarar reglugerðar, og allur úrgangur um borð í skipi, annar en sá sem til fellur við rekstur þess, ættu áfram að falla undir reglugerð (EB) nr. 1013/2006 og tilskipanir Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB og 2008/99/EB ⁽³⁾, eftir því sem við á.
- 11) Einnig er viðurkennt að aðrir alþjóðasamningar gilda áfram um skip til að tryggja rekstraröryggi þeirra á hafi úti meðan á rekstrarhluta vistferils þeirra stendur og þó að þau njóti tiltekinna siglingaréttinda og -frelsis, þá er þess krafist að skip tilkynni fyrirfram um siglingu sína

⁽¹⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/16/EB frá 23. apríl 2009 um hafnaríkiseftirlit (Stjttð. ESB L 131, 28.5.2009, bls. 57).

⁽²⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB frá 19. nóvember 2008 um úrgang og um niðurfellingu tiltekinna tilskipana (Stjttð. ESB L 312, 22.11.2008, bls. 3).

⁽³⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/99/EB frá 19. nóvember 2008 um vernd umhverfisins með refsíákvæðum (Stjttð. ESB L 328, 6.12.2008, bls. 28).

inn til hafnar. Aðildarríkin ættu að geta valið að beita frekara eftirliti í samræmi við aðra alþjóðlega sáttmála. Því telst ekki nauðsynlegt að krefjast viðbótareftirlits með för skipa í þessari reglugerð.

- 12) Við tulkum krafanna í þessari reglugerð ætti að taka tillit til leiðbeininganna sem Alþjóðasiglingamálastofnunin þróaði („leiðbeingar Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar“) til að styðja við Hong Kong-samninginn.
- 13) Að því er varðar þessa reglugerð ætti hugtakið „endurvinnsla“ ekki að hafa sömu merkingu og er skilgreind í tilskipun 2008/98/EB. Því ætti að setja fram sértæka skilgreiningu á hugtakinu „endurvinnsla skipa“ í þessari reglugerð.
- 14) Með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 ⁽¹⁾ er hnattsamræma kerfinu til flokkunar og merkingar á íðefnum komið í framkvæmd á vettvangi Sambandsins. Sú reglugerð, ásamt tilskipun ráðsins 67/548/EBE ⁽²⁾ og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/45/EB ⁽³⁾, veitir gagnlega leiðsögn til ákvörðunar á því hvað telst vera hættulegt efni.
- 15) Meginkrafa, sem mælt er fyrir um í Hong Kong-samningnum og þessari reglugerð, er að haldin sé birgðaskrá yfir hættuleg efni um borð í skipi í gegnum allan vistferil þess. Í samræmi við 2. mgr. 8. reglu Hong Kong-samningsins ætti skip, sem á að endurvinna, að minnka eins og mögulegt er magn þess úrgangs sem fellur til við rekstur þess á tímabilinu fram að inntöku þess í skipaendurvinnslustöð. Ef úrgangurinn, sem fellur til við reksturinn, á að fara með skipinu til skipaendurvinnslustöðvar ætti að skrá áætlað magn úrgangsins og staðsetningar hans í II. hluta birgðaskrárinnar.
- 16) Aðildarríkin ættu að gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir að reglur um endurvinnslu skipa séu sniðgengnar og til að auka gagnsæi í endurvinnslu skipa. Eins og kveðið er á um í Hong Kong-samningnum ættu aðildarríki að leggja fram upplýsingar um skip sem úthlutað hefur verið birgðaskrárvottorði, skip sem yfirlýsing um lyktir hefur borist fyrir og upplýsingar um ólöglega endurvinnslu skipa og framhaldsaðgerðir sem þau hafa lagt í.
- 17) Aðildarríkin ættu að mæla fyrir um reglur um viðurlög sem gilda um brot á þessari reglugerð og tryggja að þessum viðurlögum sé beitt þannig að komið sé í veg

fyrir að reglur um endurvinnslu skipa séu sniðgengnar. Viðurlögin, sem geta varðað einkamálarétt eða verið stjórnsýslulegs eðlis, ættu að vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og letjandi.

- 18) Í samræmi við dómaframkvæmd Evrópudómstólsins er dómstólum aðildarríkjanna skylt að túlka, eins og unnt er, reglur þær um málsmeðferð sem tengjast skilyrðunum sem þarf að uppfylla til að hefja stjórnsýslumeðferð eða dómsmeðferð í samræmi við markmið 3. mgr. 9. gr. Árósasamningsins.
- 19) Í því skyni að vernda heilbrigði manna og umhverfið og með hliðsjón af mengunarbótareglunni ætti framkvæmdastjórnin að meta hagkvæmni þess að koma upp fjármálakerfi sem nær til allra skipa sem koma í höfn eða akkerislægi í aðildarríki, sama undir hvaða fána þau sigla, til að afla fjár sem myndi greiða fyrir umhverfissvænni endurvinnslu og meðhöndlun skipa án þess að skapa hvata fyrir útfloggun.
- 20) Með tilliti til þróunar sem varðar Hong Kong-samninginn ætti framkvæmdastjórnin að fá umboð til að samþykkja gerðir í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins í því skyni að uppfæra I. og II. viðauka við þessa reglugerð. Einkum er mikilvægt að framkvæmdastjórnin hafi viðeigandi samráð á meðan á undirbúningsvinnu hennar stendur, þ.m.t. við sérfræðinga. Við undirbúning og samningu framseldra gerða ætti framkvæmdastjórnin að tryggja samhliða, tímanlega og viðeigandi afhendingu viðkomandi skjala til Evrópuþingsins og ráðsins.
- 21) Til að tryggja samræmd skilyrði vegna framkvæmdar þessarar reglugerðar ætti að fela framkvæmdastjórninni framkvæmdarvald. Þessu valdi ber að beita í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 ⁽⁴⁾.
- 22) Þar eð aðildarríkin geta ekki, vegna alþjóðlegs eðlis siglinga og endurvinnslu skipa, fyllilega náð markmiðum þessarar reglugerðar, þ.e. að koma í veg fyrir, draga úr eða stöðva skaðleg áhrif á heilbrigði manna og umhverfið sem stafa af endurvinnslu, rekstri og viðhaldi skipa sem sigla undir fána aðildarríkis, og þeim verður betur náð á vettvangi Sambandsins vegna umfangs og áhrifa þeirra, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna, eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhöfsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari reglugerð til að ná þessu markmiði.

⁽¹⁾ Reglugerð (EB) nr. 1272/2008 frá 16. desember 2008 um flokkun, merkingu og þökkun efna og blandna, um breytingu og niðurfellingu á tilskipunum 67/548/EBE og 1999/45/EB og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1907/2006 (Stjtið. ESB L 353, 31.12.2008, bls. 1).

⁽²⁾ Tilskipun ráðsins 67/548/EBE frá 27. júní 1967 um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum um flokkun, þökkun og merkingu hættulegra efna (Stjtið. EB 196, 16.8.1967, bls. 1).

⁽³⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/45/EB frá 31. maí 1999 um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna um flokkun, þökkun og merkingu hættulegra efna blandna (Stjtið. EB L 200, 30.7.1999, bls. 1).

⁽⁴⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 frá 16. febrúar 2011 um reglur og almennar meginreglur varðandi tilhögun eftirlits aðildarríkjanna með framkvæmdastjórninni þegar hún beitir framkvæmdavaldi sínu (Stjtið. ESB L 55, 28.2.2011, bls. 13).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. BÁLKUR

EFNI, GILDISSVIÐ OG SKILGREININGAR

1. gr.

Efni og tilgangur

Tilgangurinn með þessari reglugerð er að koma í veg fyrir, draga úr, lágmarka og, eftir því sem framkvæmanlegt er, koma í veg fyrir slys, meiðsli og önnur skaðleg áhrif á heilbrigði manna og umhverfið sem stafa af endurvinnslu skipa. Tilgangurinn með þessari reglugerð er að auka öryggi, heilsuvernd manna og verndun sjávarumhverfis Sambandsins í gegnum allan vistferil skips, einkum til að tryggja umhverfisvæna meðhöndlun á hættulegum úrgangi frá slíkri endurvinnslu skipa.

Í þessari reglugerð er einnig mælt fyrir um reglur til að tryggja að hættuleg efni um borð í skipum séu meðhöndluð á tilhlýðilegan hátt.

Það er einnig markmið þessarar reglugerðar að greiða fyrir fullgildingu Hong Kong-samningsins um örugga og umhverfisvæna endurvinnslu skipa frá 2009 („Hong Kong-samningurinn“).

2. gr.

Gildissvið

1. Þessi reglugerð, að undanskildum ákvæðum 12. gr., skal gilda um skip sem sigla undir fána aðildarríkis.

Ákvæði 12. gr. gilda um skip, sem sigla undir fána þriðja lands, sem koma í höfn eða akkerislægi í aðildarríki.

2. Þessi reglugerð gildir ekki um:

- a) herskip, hjálparskip í flota eða önnur skip í ríkiseigu eða ríkisrekin skip, sem eru um stundarsakir einungis nýtt í þágu hins opinbera til annars en í atvinnuskyni,
- b) skip sem eru undir 500 brúttótonnum,
- c) skip sem á vistferli sínum sigla einungis um hafsvæði sem falla undir fullveldisrétt eða lögsögu þess aðildarríkis sem er fánaríki skipsins.

3. gr.

Skilgreiningar

1. Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- 1) „skip“: hvers konar far sem er rekið eða hefur verið rekið í sjávarumhverfi, þ.m.t. sökkvanleg för, fljótandi för, fljótandi pallar, sjálflyftandi pallar, fljótandi geymslueiningar (FSUs) og fljótandi framleiðslueiningar með geymslu- og uppskipunarbúnaði (FPSOs), sem og far sem allur búnaður hefur verið tekinn úr eða er í togi,
- 2) „nýtt skip“: skip, þar sem annaðhvort:
 - a) samningurinn um smíði þess er gerður á gildistöku-degi þessarar reglugerðar eða síðar,
 - b) ef samningur um smíði er ekki fyrir hendi, kjölurinn er lagður eða skipið er á svipuðu byggingarstigi sex mánuðum eftir gildistöku-degi þessarar reglugerðar eða síðar eða
 - c) afhending fer fram þrjátíu mánuðum eftir gildistöku-degi þessarar reglugerðar eða síðar,
- 3) „tankskip“: olíuflutningaskip eins og það er skilgreint í I. viðauka við samninginn um varnir gegn mengun frá skipum („MARPOL-samningurinn“) eða tankskip sem flytja fljótandi eiturefni (NLS) eins og er skilgreint í II. viðauka við þann samning,
- 4) „hættulegt efni“: hvert það efni eða efniviður sem skapað getur hættu fyrir heilbrigði manna og/eða umhverfið,
- 5) „úrgangur sem fellur til við rekstur“: skólp og leifar sem verða til við venjulegan rekstur skipa sem falla undir kröfurnar í MARPOL-samningnum,
- 6) „endurvinnsla skipa“: starfsemi í skipaendurvinnslustöð sem miðar að sundurhlutun skipa, algerrri eða að hluta til, til að endurheimta efnisþætti og efni til uppvinnslu, til undirbúnings fyrir endurnotkun eða til endurnotkunar, um leið og séð er til þess að haldið sé utan um efni, bæði hættuleg og önnur, og felur jafnframt í sér ýmsa tengda starfsemi, s.s. geymslu og meðhöndlun efnisþátta og efna á staðnum, en ekki frekari vinnslu þeirra eða förgun í aðskildri aðstöðu,
- 7) „skipaendurvinnslustöð“: skilgreint svæði sem er athafna-svæði eða aðstaða í aðildarríki eða þriðja landi og er notað til að endurvinna skip,
- 8) „skipaendurvinnslufyrirtæki“: eigandi skipaendurvinnslustöðvar eða annað fyrirtæki eða aðili sem hefur tekið að sér að bera ábyrgð á rekstri skipaendurvinnslunnar fyrir hönd eiganda skipaendurvinnslustöðvarinnar,

- 9) „stjórnvald“: opinbert yfirvald sem er tilnefnt af aðildarríki til að bera ábyrgð á skyldum sem tengjast skipum sem sigla undir fána þess eða skipum sem eru rekin undir stjórn þess,
- 10) „viðurkennd stofnun“: stofnun sem er viðurkennd í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 391/2009 ⁽¹⁾,
- 11) „lögbært yfirvald“: opinbert yfirvald eða yfirvöld tilnefnd af aðildarríki eða þriðja landi til að bera ábyrgð á skipaendurvinnslustöðvum innan tiltekins landsvæðis eða sérfræðisviðs sem varða alla starfsemi innan lögsögu þess ríkis,
- 12) „brúttótonnata“: brúttótonnata sem er reiknuð í samræmi við reglur um mælingu skipa í I. viðauka við alþjóðasamninginn um mælingar skipa frá 1969 eða síðari samninga sem kunna að koma í stað hans,
- 13) „hæfur einstaklingur“: einstaklingur með viðeigandi réttindi og hæfi, þjálfun og nægjanlega þekkingu, reynslu og færni til að sinna sértæku starfi,
- 14) „skipseigandi“: einstaklingur eða lögaðili sem er skráður eigandi skips, þ.m.t. einstaklingur eða lögaðili sem á skip í takmarkaðan tíma fram að sölu þess eða afhendingu til skipaendurvinnslustöðvar eða, ef skip er óskráð, einstaklingur eða lögaðili sem á skip eða hver önnur samtök eða aðili, s.s. stjórnandi eða leigutaki þurrleiguskipis, sem hefur tekið við ábyrgð á skipi frá eiganda þess, og lögaðili sem rekur skip í ríkiseigu,
- 15) „ný uppsetning“: uppsetning kerfa, búnaðar, einangrunar eða annars efnis um borð í skipi eftir gildistöku dag þessarar reglugerðar,
- 16) „endurvinnsluáætlun skipis“: áætlun sem er sett saman af rekstraraðila skipaendurvinnslustöðvarinnar fyrir hvert tiltekið skip sem á að endurvinna á hennar ábyrgð, með tilliti til viðeigandi leiðbeininga og ályktana Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar,
- 17) „áætlun fyrir skipaendurvinnslustöð“: áætlun sem rekstraraðili skipaendurvinnslustöðvar útbýr og er samþykkt af stjórn eða viðeigandi stjórnunaraðilum skipaendurvinnslufyrirtækisins, þar sem lýst er rekstrarferlum og verklagsreglum þeirrar skipaendurvinnslustöðvar við skipaendurvinnslu og nær áætlunin einkum til öryggis og þjálfunar starfsmanna, verndunar heilbrigðis manna og umhverfisins,
- 18) „örugg aðkoma“: þegar rými uppfyllir allar eftirfarandi viðmiðanir:
- súrefnisinnihald andrúmsloftsins og styrkur eldfimrar gufu eru innan öryggismarka,
 - eitruð efni í andrúmsloftinu eru innan leyfilegs styrks,
 - leifar eða efni sem tengjast vinnunni sem hæfi einstaklingurinn hefur leyft munu ekki losa eitruð efni eða hættulegan styrk eldfimrar gufu á óviðráðanlegan hátt við ríkjandi skilyrði í andrúmslofti, á meðan þeim er viðhaldið samkvæmt leiðbeiningum,
- 19) „öruggt fyrir vinnu með hita“: þegar rými uppfyllir allar eftirfarandi viðmiðanir:
- örugg skilyrði án sprengihættu, þ.m.t. að þar sé ekkert gas, eru til staðar til að hægt sé að nota rafmagns-ljósboga eða búnað til gaslogsuðu, skurð- eða brennslubúnað eða annan búnað með opnum loga, sem og fyrir vinnu með hita, sláfun eða neistamyndun,
 - viðmiðanir fyrir örugga aðkomu í 18. lið eru uppfylltar,
 - ríkjandi skilyrði í andrúmslofti breytast ekki vegna vinnu með hita,
 - öll aðliggjandi rými hafa verið hreinsuð, gerð óvirk eða meðhöndluð nægjanlega til að koma í veg fyrir að eldur komi upp eða breiðist út,
- 20) „yfirlýsing um verklok“: yfirlýsing sem rekstraraðili skipaendurvinnslustöðvar gefur út til að staðfesta að endurvinnslu skipis hafi verið lokið í samræmi við þessa reglugerð,
- 21) „birgðaskrárvottorð“: vottorð fyrir tiltekið skip, gefið út í samræmi við 9. gr. fyrir skip sem sigla undir fána aðildarríkis, ásamt meðfylgjandi birgðaskrá yfir hættuleg efni í samræmi við 5. gr.,
- 22) „vottorð um tiltækileika til endurvinnslu“: vottorð fyrir tiltekið skip, gefið út í samræmi við 9. gr. (9. mgr.) fyrir skip sem sigla undir fána aðildarríkis, ásamt meðfylgjandi birgðaskrá yfir hættuleg efni í samræmi við 5. gr. (7. mgr.) og viðurkenndri endurvinnsluáætlun skipisins í samræmi við 7. gr.,

⁽¹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 391/2009 frá 23. apríl 2009 um sameiginlegar reglur og staðla fyrir stofnanir sem sjá um skipaskoðun og -eftirlit (Stjtuð. ESB L 131, 28.5.2009, bls. 11).

23) „yfirlýsing um reglufylgni“: vottorð fyrir tiltekið skip, gefið út fyrir skip sem sigla undir fána þriðja lands, ásamt meðfylgjandi birgðaskrá yfir hættuleg efni í samræmi við 12. gr.,

24) „eigin þyngd í tonnum“: þyngd skips í tonnum án farms, eldsneytis, smurolú í geymslutönkum, kjölfestuvatns, ferskvatns, veituvatns, vista, farþega og áhafnar og persónulegra muna þeirra og er summa þyngdar skrokks, yfirbyggingar, véla, búnaðar og innréttinga skipsins.

2. Að því er varðar 7. gr. (d-liður 2. mgr.) og 13., 15. og 16. gr.,

a) „úrgangur“, „hættulegur úrgangur“, „meðhöndlun“ og „úrgangsstjórnun“ hafa sömu merkingu og í 3. gr. tilskipunar 2008/98/EB,

b) „vettvangsskoðun“: skoðun á skipaendurvinnslustöð til að meta hvort skilyrði á vettvangi eru þau sömu og lýst er í viðeigandi framlögðum skjölum,

c) „starfsmaður“: hver sá einstaklingur sem sinnir starfi, annaðhvort reglubundið eða tímabundið, í tengslum við ráðningarsamband, þ.m.t. starfsfólk sem vinnur fyrir verktaka eða undirverktaka,

d) „umhverfisvæn meðhöndlun“: meðhöndlun þar sem allar raunhæfar ráðstafanir eru gerðar til að tryggja að farið sé þannig með úrgang og hættuleg efni að heilbrigði manna og umhverfið sé vernduð gegn skaðlegum áhrifum sem gætu stafað af slíkum efnum og úrgangi.

3. Að því er varðar 13. lið 1. mgr. getur hæfur einstaklingur verið þjálfaður starfsmaður eða starfsmaður í stjórnunarstöðu, sem hefur færni til að greina og meta hættur fyrir starfsmenn, áhættur og váhrif á starfsmenn vegna hugsanlega hættulegra efna eða örugggra aðstæðna á skipaendurvinnslustöð, og sem er fær um að tilgreina nauðsynlegar varnir og varúðarráðstafanir sem skal gera til að koma í veg fyrir eða draga úr þessum hættum, áhættum eða váhrifum.

Með fyrirvara um tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/36/EB⁽¹⁾ getur lögbæra yfirvaldið skilgreint viðeigandi viðmiðanir um tilnefningu slíkra einstaklinga og getur ákvarðað þær skyldur sem á þá skulu lagðar.

II. BÁLKUR

SKIP

4. gr.

Eftirlit með hættulegum efnum

Uppsetning eða notkun hættulegra efna, sem um getur í I. viðauka, í skipum skal vera bönnuð eða takmörkuð eins og

⁽¹⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/36/EB frá 7. september 2005 um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi (Stjtið. ESB L 255, 30.9.2005, bls. 22).

tilgreint er í I. viðauka, með fyrirvara um aðrar kröfur í viðeigandi löggjöf Sambandsins sem geta kallað á frekari ráðstafanir.

5. gr.

Birgðaskrá yfir hættuleg efni

1. Birgðaskrá yfir hættuleg efni skal vera um borð í öllum nýjum skipum og skal í henni gefa upp a.m.k. þau hættulegu efni sem um getur í II. viðauka og er að finna í byggingu eða búnaði skipsins, ásamt staðsetningu þeirra og um það bil í hvaða magni þau fyrirfinnast.

2. Gömul skip skulu, með fyrirvara um b-lið 2. mgr. 32. gr., samræmast 1. mgr. að eins miklu leyti og hægt er.

Ef um er að ræða skip á leið í endurvinnslu skulu þau samræmast, að eins miklu leyti og hægt er, 1. mgr. þessarar greinar frá dagsetningu útgáfu Evrópuskrárinnar yfir skipaendurvinnslustöðvar („Evrópuskráin“) eins og mælt er fyrir um í 2. mgr. 16. gr.

Með fyrirvara um b-lið 2. mgr. 32. gr. skulu a.m.k. hættulegu efnin sem skráð eru í I. viðauka tilgreind þegar birgðaskráin yfir hættuleg efni er tekin saman.

3. Birgðaskráin yfir hættuleg efni skal:

a) vera bundin við hvert skip fyrir sig,

b) innihalda gögn um að skipið uppfylli bannið eða takmarkanirnar um uppsetningu eða notkun hættulegra efna í samræmi við 4. gr.,

c) tekin saman með tilliti til viðeigandi leiðbeininga Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar,

d) vera staðfest, annaðhvort af stjórnvaldinu eða viðurkenndri stofnun sem hefur leyfi frá því.

4. Auk 3. mgr. skal útbúa áætlun fyrir gömul skip þar sem lýst er sjónrænni skoðun eða sýnatökuskoðun sem liggur að baki birgðaskrárinnar fyrir hættuleg efni, með tilliti til viðeigandi leiðbeininga Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar.

5. Birgðaskráin yfir hættuleg efni skal vera í þremur hlutum:

a) skrá yfir þau hættulegu efni sem um getur í I. og II. Viðauka, í samræmi við ákvæði 1. og 2. mgr. þessarar greinar, sem fyrirfinnast í byggingu eða búnaði skipsins, með tilgreiningu á staðsetningu þeirra og um það bil í hversu miklu magni þau fyrirfinnast (I. hluti),

b) skrá yfir úrgang sem fellur til við rekstur, sem er um borð í skipinu (II. hluti),

c) skrá yfir vistir sem eru um borð í skipinu (III. hluti).

6. Viðhalda skal I. hluta birgðaskrárinnar yfir hættuleg efni og uppfæra á tilhlýðilegan hátt í gegnum allan vistferil skipsins þannig að fram komi upplýsingar um nýjar uppsetningar sem innihalda hættuleg efni sem um getur í II. viðauka og allar breytingar á byggingu og búnaði skipsins sem máli skipta.

7. Áður en til endurvinnslu kemur og með tilliti til við-eigandi leiðbeininga Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar skal fella inn í birgðaskrána yfir hættuleg efni, til viðbótar við I. hluta sem hefur verið viðhaldið og uppfærður á tilhlýðilegan hátt, II. hluta yfir úrgang sem fellur til við rekstur og III. hluta yfir vistir og hún staðfest af stjórnvaldinu eða viðurkenndri stofnun sem hefur leyfi frá því.

8. Framkvæmdastjórninni skal falið vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 24. gr., um uppfærslu á skránni yfir færslur í I. og II. viðauka fyrir birgðaskrána yfir hættuleg efni, til að sjá til þess að skrárnar innihaldi að minnsta kosti þau efni sem eru skráð í I. og II. viðbæti við Hong Kong-samninginn.

Framkvæmdastjórnin skal samþykkja aðskilda framselda gerð að því er varðar hvert efni sem skal bæta við eða fella brott úr I. eða II. viðauka.

6. gr.

Almennar kröfur til eigenda skipa

1. Þegar skip er undirbúið fyrir endurvinnslu skulu eigendur þess:

a) afhenda rekstraraðila skipaendurvinnslustöðvarinnar allar þær upplýsingar um skipið sem nauðsynlegar eru til að setja megi saman endurvinnsluáætlun skipsins í samræmi við 7. gr.,

b) tilkynna viðeigandi stjórnvaldi skriflega um að ætlunin sé að endurvinna skipið í tilgreindri skipaendurvinnslustöð eða -stöðvum, innan tímamarka sem það stjórnvald ákvarðar. Í tilkynningunni skal koma fram að minnsta kosti:

i. birgðaskráin yfir hættuleg efni og

ii. allar upplýsingar varðandi skipið sem um getur í a-lið.

2. Eigendur skips skulu sjá til þess að skip sem á að endurvinna:

a) sé einungis endurunnið á skipaendurvinnslustöð sem er í Evrópuskránni,

b) sé, á tímabilinu fram að innkomu á skipaendurvinnslustöðina, starfrækt þannig að sem minnst af farmleifum,

brennsluolíu og skipaúrgangi verði eftir í því,

c) sé með vottorð um tiltækileika til endurvinnslu, gefið út af stjórnvaldinu eða viðurkenndri stofnun sem hefur leyfi frá því, áður en endurvinnsla skipsins hefst en eftir móttöku endurvinnsluáætlunar skipsins sem er samþykkt í samræmi við 3. mgr. 7. gr.

3. Eigendur skips skulu sjá til þess að tankskip komi í skipaendurvinnslustöðina með farmgeyma og dæluklefa í þannig ástandi að þeir séu tilbúnir til vottunar fyrir vinnu með hita.

4. Eigendur skips skulu afhenda rekstraraðila skipaendurvinnslustöðvarinnar afrit af vottorðinu um tiltækileika til endurvinnslu sem er gefið út í samræmi við 9. gr.

5. Eigendur skips skulu bera ábyrgð á skipinu og skulu gera ráðstafanir til að viðhalda því í samræmi við kröfur stjórnvalds þess aðildarríkis sem er fánaríki skipsins, fram að þeim tíma þegar rekstraraðili skipaendurvinnslustöðvarinnar tekur við ábyrgðinni á skipinu. Rekstraraðili skipaendurvinnslustöðvarinnar getur neitað að taka við skipinu til endurvinnslu ef ástand þess samsvarar ekki í grundvallaratriðum upplýsingunum í birgðaskrárvottorðinu, þ.m.t. þegar I. hluta birgðaskrárinnar yfir hættuleg efni hefur ekki verið viðhaldið og hann uppfærður á tilhlýðilegan hátt til að sýna breytingar á byggingu og búnaði skipsins. Við slíkar kringumstæður skal ábyrgðin á skipinu hvíla áfram hjá eiganda þess og skal hann tilkynna stjórnvaldinu um það án tafar.

7. gr.

Endurvinnsluáætlun skips

1. Endurvinnsluáætlun sem er bundin við hvert einstakt skip skal gerð áður en nokkur endurvinnsla skipsins hefst. Endurvinnsluáætlun skipsins skal taka á atriðum sem tengjast skipinu sérstaklega og er ekki fjallað um í áætluninni fyrir skipaendurvinnslustöðina eða sem þarfnast sérstaks verklags.

2. Endurvinnsluáætlun skipsins skal:

a) sett saman af rekstraraðila skipaendurvinnslustöðvarinnar í samræmi við viðeigandi ákvæði Hong Kong-samningsins og með tilliti til viðeigandi leiðbeininga Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar og upplýsinga um skipið sem eigandi þess leggur fram í samræmi við a-lið 1. mgr. 6. gr. þannig að innihald hennar sé í samræmi við upplýsingarnar í birgðaskránni yfir hættuleg efni,

b) skýra hvort og að hversu miklu leyti undirbúningsvinna, s.s. formeðhöndlun, greining hugsanlegrar hættu og losun vista, skal fara fram annars staðar en í skipaendurvinnslustöðinni sem er tilgreind í endurvinnsluáætlun skipsins. Í endurvinnsluáætlun skips skal koma fram hvar skipið verður staðsett meðan á endurvinnsluáætlun stendur, ásamt gagnorðri áætlun um komu og örugga staðsetningu skipsins sem á að endurvinna,

c) innihalda upplýsingar um innleiðingu, viðhald og vöktun á vinnuskilyrðum er varða örugga aðkomu og öryggi fyrir vinnu með hita fyrir þetta tiltekna skip, með tilliti til atriða eins og t.d. byggingar þess, skipulags og fyrri farms, og aðrar nauðsynlegar upplýsingar um það hvernig framkvæma skuli endurvinnsluáætlun skipsins,

d) innihalda upplýsingar um gerð og magn hættulegra efna og um úrgang sem áætlað er að verði til við endurvinnslu þessa tiltekna skips, þ.m.t. um efnin og úrganginn sem eru tilgreind í birgðaskránni yfir hættuleg efni, og um það hvernig þau verði meðhöndluð og geymd í skipaendurvinnslustöðinni sem og í síðari aðstöðu og

e) að meginreglu til, útbúin sérstaklega fyrir hverja skipaendurvinnslustöð ef nota skal fleiri en eina skipaendurvinnslustöð og tilgreina skal í hvaða röð þær eru notaðar og þau störf sem hver stöð skal sinna og hefur leyfi fyrir.

3. Lögbæra yfirvaldið skal samþykkja endurvinnsluáætlun skips, annaðhvort óbeint eða með beinum hætti í samræmi við kröfur þess ríkis þar sem skipaendurvinnslustöðin er staðsett, ef við á.

Beint samþykki er gefið þegar lögbæra yfirvaldið sendir skriflega tilkynningu um ákvörðun sína um endurvinnsluáætlun skips til rekstraraðila skipaendurvinnslustöðvarinnar, eiganda skipsins og stjórnvaldsins.

Það skal teljast óbeint samþykki ef lögbæra yfirvaldið sendir ekki skrifleg andmæli gegn endurvinnsluáætlun skips til rekstraraðila skipaendurvinnslustöðvarinnar, eiganda skipsins og stjórnvaldsins innan endurskoðunartímabils sem mælt er fyrir um í samræmi við kröfur ríkisins þar sem skipaendurvinnslustöðin er staðsett, ef við á, og ekki er tilkynnt um þau í samræmi við b-lið 2. mgr. 15. gr.

4. Aðildarríki geta krafist þess að stjórnvald þeirra sendi lögbæru yfirvaldi ríkisins þar sem skipaendurvinnslustöðin er staðsett þær upplýsingar sem eigandi skipsins lagði fram skv. b-lið 1. mgr. 6. gr., ásamt eftirfarandi nákvæmum upplýsingum:

- i. dagsetningunni þegar skipið var skráð í ríkinu sem er fánaríki skipsins,
- ii. aukennisnúmeri skipsins (IMO-númer),
- iii. númerinu á skrokki skipsins ef um afhendingu á nýsmíði er að ræða,
- iv. nafni og gerð skips,
- v. höfninni þar sem skipið er skrásett,
- vi. nafni og heimilisfangi eiganda skipsins ásamt IMO-aðkennisnúmeri skráðs eiganda,
- vii. heiti og heimilisfangi fyrirtækisins,

viii. heiti flokkunarfélaga þar sem skipið er flokkað, ef einhver eru,

ix. helstu upplýsingum um skipið (mesta lengd, breidd (mótuð), dýpt (mótuð), eigin þyngd í tonnum, brúttótonnataka og nettótonnataka, og gerð og málgildi vélar).

8. gr.

Skoðanir

1. Fulltrúar stjórnvaldsins, eða viðurkenndrar stofnunar sem hefur leyfi frá því, skulu framkvæma skoðanir á skipum, með tilliti til viðeigandi leiðbeininga Alþjóðasiglingamála-stofnunarinnar.

2. Þegar stjórnvaldið notar viðurkenndar stofnanir til að sinna skoðunum, eins og lýst er í 1. mgr., skal það að lágmarki veita slíkum viðurkenndum stofnunum vald til að:

- krefjast þess að skip sem þær skoða fari að þessari reglugerð og
- framkvæma skoðun ef hlutaðeigandi yfirvöld aðildarríkis krefjast þess.

3. Eftirfarandi skoðanir skulu fara fram á skipum:

- a) upphafsskoðun,
- b) endurnýjunarskoðun,
- c) viðbótarskoðun,
- d) lokaskoðun.

4. Upphafsskoðun á nýju skipi skal fara fram áður en það er tekið í notkun eða áður en birgðaskrárvottorðið er gefið út. Að því er varðar gömul skip skal upphafsskoðun fara fram eigi síðar en 31. desember 2020. Skoðunin skal staðfesta að I. hluti birgðaskrárinnar yfir hættuleg efni uppfylli kröfurnar í þessari reglugerð.

5. Endurnýjunarskoðanir skulu fara fram með millibili sem stjórnvaldið ákveður og skal það ekki vera lengra en fimm ár. Endurnýjunarskoðun skal staðfesta að I. hluti birgðaskrárinnar yfir hættuleg efni uppfylli kröfurnar í þessari reglugerð.

6. Viðbótarskoðun, annaðhvort almenn eða að hluta til, eftir því sem við á, skal fara fram ef eigandi skips óskar þess að loknum breytingum, endurnýjun eða veigamikilli viðgerð á byggingu, búnaði, kerfum, tengihlutum, uppröðun og efnum sem hafa áhrif á birgðaskrána yfir hættuleg efni. Skoðunin skal fara þannig fram að tryggt sé að allar breytingar, endurnýjanir eða veigamiklar viðgerðir hafi verið gerðar á hátt sem tryggir að skipið uppfyllir enn kröfurnar í þessari reglugerð og að I. hluta birgðaskrárinnar yfir hættuleg efni sé breytt eins og við á.

7. Lokaskoðunin skal fara fram áður en skipið er tekið úr notkun en áður en endurvinnsla þess hefst.

Í skoðuninni skal sannprófa að:

- a) birgðaskráin yfir hættuleg efni uppfylli kröfurnar í 5. gr.,
 - b) í endurvinnsluáætlun skipsins komi fram á tilhlýðilegan hátt þær upplýsingar sem eru tilgreindar í birgðaskránni yfir hættuleg efni og að hún uppfylli kröfurnar í 7. gr.,
 - c) skipaendurvinnslustöðin þar sem endurvinna á skipið sé í Evrópuskránni.
8. Þegar endurvinna á gömul skip mega upphafsskoðunin og lokaskoðunin fara fram samhliða.

9. gr.

Útgáfa og áritun vottorða

1. Að lokinni jákvæðri upphafs- eða endurnýjunarskoðun skal stjórnvaldið eða viðurkennd stofnun sem hefur leyfi frá því gefa út birgðaskrárvottorð. Því vottorði skal fylgja I. hluti birgðaskrárinnar yfir hættuleg efni, sem um getur í a-lið 5. mgr. 5. gr.

Ef upphafsskoðunin og lokaskoðunin fara fram samhliða, eins og kveðið er á um í 8. mgr. 8. gr., skal einungis gefa út vottorð um tiltækileika til endurvinnslu sem um getur í 9. mgr. þessarar greinar.

Framkvæmdastjórnin skal samþykka framkvæmdargerðir til að ákveða sniðið á birgðaskrárvottorðinu til að sjá til þess að það sé í samræmi við 3. viðbæti við Hong Kong-samninginn. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 25. gr. þessarar reglugerðar.

2. Annaðhvort stjórnvaldið eða viðurkennd stofnun sem hefur leyfi frá því skal árita birgðaskrárvottorð að beiðni eiganda skipsins að lokinni jákvæðri viðbótarskoðun sem er gerð í samræmi við 6. mgr. 8. gr.

3. Stjórnvaldið eða viðurkennd stofnun sem hefur leyfi frá því skal, með fyrirvara um 4. mgr., gefa út birgðaskrárvottorð eða árita það, eftir því sem við á, að lokinni jákvæðri endurnýjunarskoðun:

- a) á þriggja mánaða tímabili fram að þeim degi þegar fyrirliggjandi birgðaskrárvottorð rennur út og skal nýja vottorðið gilda frá þeim degi þegar endurnýjunarskoðuninni lýkur fram að dagsetningu innan fimm ára frá því að eldra vottorðið rennur út,

b) eftir að fyrirliggjandi birgðaskrárvottorð rennur út og skal nýja vottorðið gilda frá þeim degi þegar endurnýjunarskoðuninni lýkur fram að dagsetningu innan fimm ára frá því að eldra vottorðið rennur út,

- c) meira en þremur mánuðum fyrir þann dag sem fyrirliggjandi birgðaskrárvottorð rennur út og skal nýja vottorðið gilda frá þeim degi þegar endurnýjunarskoðuninni lýkur fram að dagsetningu innan fimm ára frá því að endurnýjunarskoðuninni lýkur.

4. Sé jákvæðri endurnýjunarskoðun lokið en ekki er unnt að gefa út nýtt birgðaskrárvottorð eða koma því um borð í skipið áður en fyrirliggjandi vottorð rennur út skal stjórnvaldið eða viðurkennd stofnun sem hefur leyfi frá því árita fyrirliggjandi vottorðið og skal það þá tekið gilt í tiltekinn tíma sem ekki skal vera lengra en fimm mánuðir frá því að það rennur út.

5. Ef um er að ræða birgðaskrárvottorð sem gefið er út til styttri tíma en fimm ára skal stjórnvaldið eða viðurkennda stofnunin sem hefur leyfi frá því framlengja gildistíma fyrirliggjandi vottorðsins, þó ekki lengur en til fimm ára.

6. Við sérstakar kringumstæður, sem stjórnvaldið tekur ákvörðun um, þarf ekki að dagsetja nýtt birgðaskrárvottorð frá þeim degi þegar fyrirliggjandi vottorðið rennur út, eins og er krafist í a- og b-lið 3. mgr. og 7. og 8. mgr. Undir þessum kringumstæðum skal nýja vottorðið gilda í tímabil sem ekki er lengra en fimm ár frá því að endurnýjunarskoðuninni lýkur.

7. Ef skip er ekki í þeirri höfn eða því akkerislægi þar sem á að skoða það þegar birgðaskrárvottorðið rennur út getur stjórnvaldið, ef viðeigandi þykir, framlengt gildistíma birgðaskrárvottorðsins um að hámarki þrjá mánuði, til að skipið geti lokið för sinni til hafnarinnar þar sem á að skoða það. Slík framlenging skal veitt með því skilyrði að skoðuninni sé lokið í þeirri höfn áður en skipið siglir þaðan. Skip sem fengið hefur framlengingu skal ekki, þegar það kemur til hafnar þar sem skoðunin á að fara fram, hafa, vegna slíkrar framlengingar, rétt til að yfirgefa höfnina án þess að hafa fengið nýtt vottorð. Að endurnýjunarskoðun lokinni skal nýja birgðaskrárvottorðið ekki gilda lengur en í fimm ár frá gildislokum eldra vottorðsins frá því áður en framlengingin var veitt.

8. Hafi gildistími birgðaskrárvottorðs skips, sem er í stuttum ferðum, ekki verið framlengdur samkvæmt skilyrðunum sem um getur í 7. mgr. getur stjórnvaldið framlengt gildistímamann um frest sem nemur allt að einum mánuði frá gildislokum þess. Að endurnýjunarskoðun lokinni skal nýja birgðaskrárvottorðið ekki gilda lengur en í fimm ár frá gildislokum eldra vottorðsins frá því áður en framlengingin var veitt.

9. Að lokinni jákvæðri lokaskoðun í samræmi við 7. mgr. 8. gr. skal stjórnvaldið eða viðurkennd stofnun sem hefur leyfi frá því gefa út vottorð um tiltækileika til endurvinnslu. Því vottorði skal fylgja birgðaskráin yfir hættuleg efni og endurvinnsluáætlun skipsins.

Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framkvæmdargerðir til að ákveða sniðið á vottorðinu um tiltækileika til endurvinnslu til að tryggja að það sé í samræmi við 4. viðbæti við Hong Kong-samninginn. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 25. gr. þessarar reglugerðar. Hin aðildarríkin skulu viðurkenna vottorð um tiltækileika til endurvinnslu sem er gefið út eftir lokaskoðun í samræmi við fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar og að því er varðar þessa reglugerð skal líta svo á að það hafi sama gildi og vottorð um tiltækileika til endurvinnslu sem þau sjálf gefa út.

10. gr.

Gildistími og gildi vottorða

1. Með fyrirvara um 9. gr. skal birgðaskrárvottorð gefið út til tímabils, sem stjórnvaldið ákveður, sem skal ekki vara lengur en í fimm ár.
2. Birgðaskrárvottorð sem gefið er út eða áritað skv. 9. gr. skal falla úr gildi í eftirfarandi tilvikum:
 - a) ef ástand skips samsvarar ekki í meginatriðum upplýsingunum í því birgðaskrárvottorði, þ.m.t. þegar I. hluta birgðaskrárinnar yfir hættuleg efni hefur ekki verið viðhaldið og hann uppfærður á tilhlýðilegan hátt til að endurspeglar breytingar á byggingu og búnaði skipsins, með tilliti til viðeigandi leiðbeininga Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar,
 - b) þegar endurnýjunarskoðunum er ekki lokið innan þess millibils sem tilgreint er í 5. mgr. 8. gr.
3. Stjórnvaldið eða viðurkennd stofnun sem hefur leyfi frá því skal gefa út vottorð um tiltækileika til endurvinnslu til ekki lengri tíma en þriggja mánaða.
4. Vottorð um tiltækileika til endurvinnslu sem er gefið út skv. 9. mgr. 9. gr. skal falla úr gildi ef ástand skipsins samsvarar ekki í meginatriðum þeim upplýsingum sem fram koma í birgðaskrárvottorðinu.
5. Þrátt fyrir 3. mgr. má stjórnvaldið eða viðurkennd stofnun sem hefur leyfi frá því framlengja vottorð um tiltækileika til endurvinnslu sem nemur einni siglingu beint til skipa-endurvinnslustöðvarinnar.

11. gr.

Hafnarríkiseftirlit

1. Aðildarríki skulu beita eftirlitsákvæðum fyrir skip í samræmi við landslög sín, með hliðsjón af tilskipun 2009/16/EB. Með fyrirvara um 2. mgr. skal slík skoðun

takmarkast við að athuga hvort annaðhvort birgðaskrárvottorð eða vottorð um tiltækileika til endurvinnslu sé um borð sem, ef það er í gildi, skal teljast nægja til að skoðunin teljist samþykkt.

2. Viðeigandi yfirvald sem hefur með höndum eftirlitsstarfsemi hafnarríkis getur framkvæmt nákvæma skoðun með tilliti til viðeigandi leiðbeininga Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar ef skip er ekki með gild vottorð eða gildar ástæður eru fyrir því að telja að annaðhvort:

- a) ástand skipsins eða búnaðar þess samsvari ekki í meginatriðum þeim upplýsingum sem koma fram í viðkomandi vottorði, I. hluta birgðaskrárinnar yfir hættuleg efni, eða báðum eða
- b) ekki sé til staðar um borð í skipinu tilhögun vegna viðhalds I. hluta birgðaskrárinnar fyrir hættuleg efni.

3. Með fyrirvara um 9. gr. má vara skip við, kyrrsetja það, vísa því úr höfn eða neita því um lægi í höfnum eða endastöðvum undan ströndum sem eru undir lögsögu aðildarríkis ef það afhendir ekki viðeigandi yfirvöldum þess aðildarríkis afrit af birgðaskrárvottorðinu eða vottorðinu um tiltækileika til endurvinnslu, eftir því sem við á og að beiðni þessara yfirvalda. Aðildarríki sem grípur til slíkra ráðstafana skal tafarlaust tilkynna hlutaðeigandi stjórnvaldi um slíkt. Það er ekki annmarki sem gefur tilefni til kyrrsetningar að viðhalda ekki birgðaskránni yfir hættuleg efni en tilkynna skal hlutaðeigandi stjórnvaldi um allt misræmi í birgðaskránni yfir hættuleg efni og skal vera búið að lagfæra það þegar næsta skoðun fer fram.

4. Viðeigandi yfirvald aðildarríkis getur heimilað skipum aðgang að tiltekinni höfn eða akkerislægi ef um er að ræða óviðráðanlegar aðstæður eða forgangspætti sem tengjast öryggissjónarmiðum, sem vega þyngra, eða nauðsynlegt reynist að draga úr mengun eða lágmarka hættu á henni eða ef nauðsynlegt reynist að ráða bót á annmörkum, að því tilskildu að eigandi, útgerð eða skipstjóri skipsins hafi gert fullnægjandi ráðstafanir, sem viðeigandi yfirvald í viðkomandi aðildarríki telur fullnægjandi, til að tryggja örugga komu í höfn.

12. gr.

Kröfur til skipa sem sigla undir fána þriðja lands

1. Með fyrirvara um b-lið 2. mgr. 32. gr. skal, um borð í skipi sem siglir undir fána þriðja lands, vera birgðaskrá yfir hættuleg efni, sem uppfyllir 2. mgr. 5. gr., þegar það kemur til hafnar eða í akkerislægi í aðildarríki.

Þrátt fyrir fyrstu undirgrein getur viðeigandi yfirvald aðildarríkis heimilað skipum aðgang að tiltekinni höfn eða akkerislægi ef um er að ræða óviðráðanlegar aðstæður eða forgangspætti sem tengjast öryggissjónarmiðum, sem vega þyngra, eða nauðsynlegt reynist að draga úr mengun eða lágmarka hættu á henni eða ef nauðsynlegt reynist að ráða bót á annmörkum, að því tilskildu að eigandi, útgerð eða skipstjóri skipsins hafi gert fullnægjandi ráðstafanir, sem viðeigandi yfirvald í viðkomandi aðildarríki telur fullnægjandi, til að tryggja örugga komu í höfn.

2. Uppsetning hættulegra efna, sem um getur í I. viðauka, í skipum sem sigla undir fána þriðja lands, skal bönnuð eða takmörkuð eftir því sem tilgreint er í I. viðauka, á meðan þau eru í höfn eða akkerislægi í aðildarríki.

Notkun hættulegra efna, sem um getur í I. viðauka, í skipum sem sigla undir fána þriðja lands, skal bönnuð eða takmörkuð eftir því sem tilgreint er í I. viðauka, á meðan þau eru í höfn eða akkerislægi í aðildarríki, án þess að hafa áhrif á þær undanþágur og það umbreytingarfyrirkomulag sem gilda um viðkomandi efni samkvæmt alþjóðalögum.

3. Birgðaskráin yfir hættuleg efni skal vera bundin við einstakt skip, vera tekin saman með tilliti til viðeigandi leiðbeininga Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar og sýna fram á með skýrum hætti að skipið uppfylli 2. mgr. þessarar greinar. Þegar birgðaskráin yfir hættuleg efni er tekin saman skulu a.m.k. hættulegu efnin sem skráð eru í I. viðauka tilgreind í henni. Koma skal upp áætlun fyrir skip sem sigla undir fána þriðja lands þar sem lýst er þeirri sjónrænu skoðun eða sýnatökuskoðun sem er notuð við samantekt birgðaskrárinnar yfir hættulegu efnin, með tilliti til viðeigandi leiðbeininga Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar.

4. Viðhalda skal birgðaskránni yfir hættuleg efni og uppfæra á tilhlýðilegan hátt í gegnum allan vistferil skipsins þannig að fram komi upplýsingar um nýjar uppsetningar sem innihalda hættuleg efni sem um getur í II. viðauka og allar breytingar á byggingu og búnaði skipsins sem máli skipta, með tilliti til undanþágna og umbreytingarfyrirkomulags sem gilda um viðkomandi efni samkvæmt alþjóðalögum.

5. Vara má skip sem siglir undir fána þriðja lands við, kyrrsetja það, vísa því úr höfn eða neita því um lægi í höfnum eða endastöðvum undan ströndum sem eru undir lögsögu aðildarríkis ef það afhendir ekki viðeigandi yfirvöldum þess aðildarríkis afrit af yfirlýsingunni um reglufylgni í samræmi við 6. og 7. mgr., ásamt birgðaskránni yfir hættuleg efni, eftir því sem við á og samkvæmt beiðni þeirra yfirvalda. Aðildarríki sem grípur til slíkra ráðstafana skal tafarlaust tilkynna hlutaðeigandi yfirvaldi þriðja landsins, sem er fánaríki skipsins, um slíkt. Það er ekki annmarki sem gefur tilefni til kyrrsetningar að viðhalda ekki birgðaskránni yfir hættuleg efni en tilkynna skal hlutaðeigandi yfirvaldi þriðja landsins, sem er fánaríki skipsins, um allt misræmi í birgðaskránni yfir hættuleg efni.

6. Yfirlýsingin um reglufylgni skal gefin út að lokinni sannpröfun viðeigandi yfirvalds eða viðurkenndrar stofnunar, sem hefur leyfi frá því, í þriðja landinu, sem er fánaríki skipsins, á birgðaskránni yfir hættuleg efni, í samræmi við landsbundnar kröfur. Yfirlýsinguna um reglufylgni má byggja á fyrirmynd í 3. viðbæti Hong Kong-samningsins.

7. Yfirlýsingin um reglufylgni og birgðaskráin yfir hættuleg efni skulu vera á opinberu tungumáli viðkomandi útgáfuyfirvalds í þriðja landinu, sem er fánaríki skipsins, og

þegar tungumálið sem er notað er ekki enska, franska eða spænska skal textinn innihalda þýðingu yfir á eitt þessara tungumála.

8. Með fyrirvara um b-lið 2. mgr. 32. gr. skulu skip, sem sigla undir fána þriðja lands og sem sækja um skráningu undir fána aðildarríkis, sjá til þess að birgðaskrá yfir hættuleg efni, sem kveðið er á um í 2. mgr. 5. gr., sé um borð eða sé tekin saman innan sex mánaða frá skráningu undir fána þess aðildarríkis eða við næstu skoðun skv. 3. mgr. 8. gr., hvort sem kemur fyrir.

III. BÁLKUR

SKIPAENDURVINNSLUSTÖÐVAR

13. gr.

Kröfur sem skipaendurvinnslustöðvar þurfa að uppfylla til fá skráningu í Evrópuskrána

1. Til fá skráningu í Evrópuskrána skal skipaendurvinnslustöð uppfylla eftirfarandi kröfur í samræmi við viðeigandi ákvæði Hong Kong-samningsins og með tilliti til viðeigandi leiðbeininga Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar, Alþjóðavinnnumálastofnunarinnar, Basel-samningsins og Stokkhólmssamningsins um þrávirk lífræn efni og annarra alþjóðlegra viðmiðunarreglna:

- a) hún hefur leyfi frá lögbærum yfirvöldum til að stunda skipaendurvinnslu,
- b) hún er hönnuð, byggð og rekin á öruggan og umhverfisvænan hátt,
- c) hún er rekin í mannvirkjum,
- d) hún kemur upp stjórnunar- og vöktunarkerfum, verklagsreglum og tækni sem hafa þann tilgang að koma í veg fyrir, draga úr, lágmarka og, að því marki sem mögulegt er, útiloka:
 - i. heilbrigðisáhættu fyrir viðkomandi starfsfólk og íbúa í nágrenni skipaendurvinnslustöðvarinnar og
 - ii. skaðleg áhrif á umhverfið sem stafa af skipaendurvinnslu,
- e) hún útbýr skipaendurvinnslustöðvaráætlun,

- f) hún kemur í veg fyrir skaðleg áhrif á heilbrigði manna og umhverfið, þ.m.t. að sýna fram á að varist sé öllum leka, einkum á sjávarfallasvæðum,
- g) hún tryggir örugga og umhverfsvæna meðhöndlun og geymslu hættulegra efna og úrgangs, þ.m.t.:
- i. einangrun allra hættulegra efna sem eru um borð í gegnum allt endurvinnsluferli skipsins til að koma í veg fyrir losun þessara efna út í umhverfið og þar að auki meðhöndlun hættulegra efna og úrgangs, sem myndast við endurvinnsluna, einungis á ógegndræpum gölf-flötum með skilvirkum frárennsliskerfum,
 - ii. að allur úrgangur sem myndast við endurvinnslu skipsins og magn hans sé skráð og að hann sé einungis fluttur til úrgangsméðhöndlunarstöðva, þ.m.t. stöðva sem endurvinna úrgang, sem hafa leyfi til að meðhöndla hann án þess að hætta skapist fyrir heilbrigði manna og á umhverfsvænan hátt,
- h) hún kemur á fót og viðheldur áætlun um neyðarviðbúnað og -viðbrögð og tryggir fljótan aðgang fyrir neyðarbúnað, s.s. slökkvibúnað og -ökutæki, sjúkrabifreiðar og krana, að skipinu og öllum svæðum skipaendurvinnslustöðvarinnar,
- i) hún gerir ráðstafanir til vinnuverndar og hjálfunar starfsfólks, þ.m.t. að tryggja notkun persónuhlífa við vinnu þar sem slíks er þörf,
- j) hún kemur upp skrá yfir atvik, slys, atvinnusjúkdóma og langvinn áhrif og, ef lögbær yfirvöld krefjast þess, tilkynnir um öll atvik, slys, atvinnusjúkdóma og langvinn áhrif sem skapa, eða geta skapað, áhættu fyrir öryggi starfsfólks, heilbrigði manna og umhverfið,
- k) hún samþykkir að fara að kröfunum í 2. mgr.

2. Rekstraraðili skipaendurvinnslustöðvar skal:

- a) senda endurvinnsluáætlun skips, þegar búið er að samþykkja hana í samræmi við 3. mgr. 7. gr., til eiganda skipsins og stjórnvaldsins eða viðurkenndrar stofnunar sem hefur leyfi frá því,
- b) tilkynna stjórnvaldinu að skipaendurvinnslustöðin sé að öllu leyti tilbúin til að hefja endurvinnslu skipsins,
- c) þegar endurvinnslu skips að öllu leyti eða hluta til er lokið í samræmi við þessa reglugerð, senda stjórnvaldinu, sem gaf út vottorðið um tiltækileika til endurvinnslu fyrir skipið, yfirlýsingu um verklok innan 14 daga frá lokadagsetningu endurvinnslu að hluta til eða öllu leyti í samræmi við endurvinnsluáætlun skipsins. Yfirlýsingin um verklok skal innihalda skýrslu um atvik og slys sem skaðað hafa heilbrigði manna og/eða umhverfið, ef einhver eru.

3. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framkvæmdargerðir til að ákvarða snið:

- a) skýrslunnar sem krafist er skv. b-lið 2. málsgreinar þessarar greinar til að tryggja að hún samræmist 6. viðbæti við Hong Kong-samninginn og
- b) skýrslunnar sem krafist er skv. c-lið 2. málsgreinar þessarar greinar til að tryggja að hún samræmist 7. viðbæti við Hong Kong-samninginn.

Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 25. gr. þessarar reglugerðar.

14. gr.

Starfsleyfi skipaendurvinnslustöðva í aðildarríkjum

1. Með fyrirvara um önnur viðeigandi ákvæði í lögum Sambandsins skulu lögbær yfirvöld gefa út starfsleyfi til skipaendurvinnslu fyrir skipaendurvinnslustöðvar sem eru staðsettar á yfirráðasvæði þeirra og uppfylla kröfumar í 13. gr. Slíkt starfsleyfi má veita hverri skipaendurvinnslustöð í mesta lagi til fimm ára í senn og endurnýja það samkvæmt því.

Með fyrirvara um að allar kröfur í þessari reglugerð séu uppfylltar má sameina öll leyfi, sem gefin eru út samkvæmt öðrum ákvæðum löggjafar einstakra aðildarríkja eða Sambandsins, leyfinu í þessari grein þannig að til verði eitt leyfi ef unnt er með því móti að komast hjá óþarfa tvítekningu upplýsinga og tvíverknaði rekstraraðila skipaendurvinnslustöðvarinnar eða skipaendurvinnslufyrirtækisins eða lögbæra yfirvaldsins. Í slíkum tilvikum má framlengja starfsleyfið í samræmi við fyrirkomulag við leyfisveitingu sem um getur í fyrstu undirgrein, þó ekki lengur en til fimm ára.

2. Aðildarríki skulu koma sér upp og uppfæra skrá yfir skipaendurvinnslustöðvar sem þau hafa veitt starfsleyfi í samræmi við 1. mgr.

3. Senda skal framkvæmdastjórninni skrána sem um getur í 2. mgr. án tafar og eigi síðar en 31. mars 2015.

4. Ef skipaendurvinnslustöð hættir að fara að kröfunum sem settar eru fram í 13. grein skal aðildarríkið þar sem sú skipaendurvinnslustöð er staðsett fella tímabundið úr gildi eða afturkalla starfsleyfið sem henni var veitt eða krefjast þess að viðkomandi skipaendurvinnslufyrirtæki grípi til aðgerða til úrbóta og skal tilkynna framkvæmdastjórninni um það án tafar.

5. Þegar skipaendurvinnslustöð hefur verið veitt starfsleyfi í samræmi við 1. mgr. skal hlutaðeigandi aðildarríki tilkynna framkvæmdastjórninni um það án tafar.

15. gr.

Skipaendurvinnslustöðvar staðsettar í þriðja landi

1. Skipaendurvinnslufyrirtæki sem á skipaendurvinnslustöð sem er staðsett í þriðja landi og þar sem ætlunin er að endurvinna skip sem sigla undir fána aðildarríkis skal leggja fram umsókn til framkvæmdastjórnarinnar um að fá viðkomandi skipaendurvinnslustöð tekna inn í Evrópuskrána.

2. Umsókninni sem um getur í 1. mgr. skal fylgja sönnun þess að viðkomandi skipaendurvinnslustöð uppfylli kröfurnar sem settar eru fram í 13. gr. um framkvæmd endurvinnslu skipa og til að vera tekin inn í Evrópuskrána í samræmi við 16. gr.

Einkum skal skipaendurvinnslufyrirtækið:

- a) greina frá leyfi, skírteini eða heimild sem lögbær yfirvöld þess hafa veitt því til að stunda endurvinnslu skipa og, þegar við á, leyfi, skírteini eða heimild frá lögbærum yfirvöldum til allra verktaka þess og undirverktaka, sem koma með beinum hætti að endurvinnsluferli skipa, og tilgreina allar upplýsingar sem um getur í 2. mgr. 16. gr.,
- b) gefa til kynna hvort endurvinnsluáætlun skips verður samþykkt af lögbæru yfirvaldi með óbeinum eða beinum hætti og tilgreina endurskoðunartímabilið fyrir óbeint samþykki, í samræmi við landsbundnar kröfur, eftir atvikum,
- c) staðfesta að það muni einungis taka við skipi sem siglir undir fána aðildarríkis til endurvinnslu í samræmi við þessa reglugerð,
- d) leggja fram sönnun fyrir því að skipaendurvinnslustöðin geti komið sér upp, viðhaldið og vakt að viðmiðanirnar um öryggi fyrir vinnu með hita og örugga aðkomu í gegnum allt skipaendurvinnsluferlið,
- e) festa við umsóknina kort af svæðamörkum skipaendurvinnslustöðvarinnar og staðsetningu skipaendurvinnslunnar innan hennar,
- f) tilgreina, fyrir hvert hættulegt efni sem um getur í I. viðauka og önnur hættuleg efni sem kunna að vera hluti af byggingu skips:
 - i. hvort skipaendurvinnslustöðin hefur leyfi til að fjarlægja hættulega efnið. Þegar slíkt er leyft skal tilgreina hlutaðeigandi starfsfólk sem hefur leyfi til að fjarlægja efnið og leggja fram sönnun fyrir hæfi þess,
 - ii. hvaða ferli við meðhöndlun úrgangs verður beitt innan eða utan skipaendurvinnslustöðvarinnar, s.s. brennslu, urðun eða annarri aðferð við meðhöndlun úrgangs, heiti og heimilisfang úrgangsmeðhöndlunarstöðvarinnar ef

hún er önnur en skipaendurvinnslustöðin og leggja fram sönnun fyrir því að aðferðinni, sem er notuð, verði beitt án þess að það skapi hættu fyrir heilbrigði manna og á umhverfisvænan hátt,

g) staðfesta að fyrirtækið hafi samþykkt áætlun fyrir skipaendurvinnslustöð með tilliti til viðeigandi leiðbeininga Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar,

h) leggja fram upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að auðkenna skipaendurvinnslustöðina.

3. Framkvæmdastjórninni skal gefið vald til að samþykkja framkvæmdargerðir til að tilgreina á hvaða sniði skuli leggja fram upplýsingarnar sem þarf til að auðkenna skipaendurvinnslustöðina. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 25. Gr.

4. Til að fá inntöku í Evrópuskrána skal, að lokinni vettvangsskoðun sjálfstæðs sannprófanda sem hefur viðeigandi réttindi og hæfi, votta að skipaendurvinnslustöðvar sem eru staðsettar í þriðju löndum fari að kröfunum sem settar eru fram í 13. Gr. Skipaendurvinnslufyrirtækið skal leggja vottorðið fyrir framkvæmdastjórnina þegar það sækir um inntöku í Evrópuskrána og á fimm ára fresti eftir það, um leið og færslan í Evrópuskrána er endurnýjuð. Auk upprunalegu færslunnar í skrána og endurnýjunar hennar skal fara fram endurskoðun á miðju tímabilinu til að staðfesta að farið sé að kröfunum sem settar eru fram í 13. Gr.

Með umsókn sinni um inntöku í Evrópuskrána gangast skipaendurvinnslufyrirtæki undir möguleikann á því að framkvæmdastjórnin eða fulltrúar á vegum hennar framkvæmi vettvangsskoðanir í viðkomandi skipaendurvinnslustöð fyrir eða eftir inntöku hennar í Evrópuskrána, til að staðfesta að farið sé að kröfunum sem settar eru fram í 13. gr. Sjálfstæði sannprófandinn, framkvæmdastjórnin eða fulltrúar á vegum hennar skulu vinna með lögbærum yfirvöldum þriðja landsins þar sem skipaendurvinnslustöðin er staðsett til að framkvæma þessar vettvangsskoðanir.

Framkvæmdastjórnin getur gefið út tæknilegar leiðbeiningar til að greiða fyrir slíkri vottun.

5. Að því er varðar 13. gr., með tilliti til viðkomandi úrgangsendurnýtingar- eða förgunaraðgerðar, má einungis gera ráð fyrir að umhverfisvæn meðhöndlun sé til staðar að því tilskildu að skipaendurvinnslufyrirtækið geti sýnt fram á að úrgangsmeðhöndlunarstöðin sem tekur við úrganginum verði rekin í samræmi við staðla fyrir verndun heilbrigðis manna og umhverfis sem eru í stórum dráttum jafngildir viðeigandi alþjóðlegum stöðlum og stöðlum Sambandsins.

6. Skipaendurvinnslufyrirtækið skal leggja fram uppfærðar sannanir án tafar ef einhverjar breytingar verða á upplýsingunum sem lagðar eru fyrir framkvæmdastjórnina og skal, í öllum tilvikum, lýsa yfir, þremur mánuðum áður en hverju fimm ára tímabili skráningar í Evrópuskrána lýkur, að:

- a) ekkert vanti upp á sannanirnar sem það hefur lagt fram og þær séu þær nýjustu sem kostur er á,
- b) skipaendurvinnslustöðin fari enn, og haldi áfram að fara, að kröfunum í 13. gr.

16. gr.

Gerð og uppfærsla Evrópuskrárinnar

1. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framkvæmdargerðir til að koma á fót Evrópuskrá yfir skipaendurvinnslustöðvar sem:

- a) eru staðsettar innan Sambandsins og aðildarríkin hafa tilkynnt um í samræmi við 3. mgr. 14. gr.,
- b) eru staðsettar í þriðja landi og innfærsla þeirra er byggð á mati á upplýsingum og sönnunum þeim til stuðnings sem eru lagðar fram eða safnað í samræmi við 15. gr.

Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 25. gr.

2. Evrópuskráin skal birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* og á vefsetri framkvæmdastjórnarinnar eigi síðar en 31. desember 2016. Henni skal skipt í tvær undirskrár, aðra yfir skipaendurvinnslustöðvar staðsettar í aðildarríkjunum og hina yfir skipaendurvinnslustöðvar staðsettar í þriðju löndum.

Í Evrópuskránni skulu koma fram allar eftirfarandi upplýsingar um skipaendurvinnslustöð:

- a) endurvinnsluáætlunin,
- b) tegundir og stærð skipa sem þar er hægt að endurvinna,
- c) takmarkanir á og skilyrði fyrir starfsemi skipaendurvinnslustöðvarinnar, þ.m.t. að því er varðar meðhöndlun hættulegs úrgangs,
- d) nákvæmar upplýsingar um beina eða óbeina málsmeðferð, eins og um getur í 3. mgr. 7. gr., við samþykki lögbærs yfirvalds fyrir endurvinnsluáætlunum skipa,
- e) hámarksfrálag fá skipaendurvinnslunni á ári.

3. Í Evrópuskránni skal tilgreina gildislok innfærslu skipaendurvinnslustöðvarinnar. Innfærsla skal ekki gilda lengur en í fimm ár og skal vera endurnýjanleg.

4. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framkvæmdargerðir til að uppfæra Evrópuskrána reglulega, til þess að:

- a) færa inn skipaendurvinnslustöð í Evrópuskrána þegar:
 - i. henni hefur verið veitt leyfi í samræmi við 14. gr. eða
 - ii. ákveðið hefur verið að færa hana í Evrópuskrána í samræmi við b-lið 1. mgr. þessarar greinar,

b) taka skipaendurvinnslustöð út af Evrópuskránni þegar:

- i. skipaendurvinnslustöðin hættir að fara að kröfunum sem eru settar fram í 13. gr. eða
- ii. uppfærðu sannanirnar eru ekki lagðar fram a.m.k. þremur mánuðum áður en fimm ára tímabilinu lýkur, eins og sett er fram í 3. mgr. þessarar greinar.

Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 25. gr.

5. Við uppsetningu og uppfærslu Evrópuskrárinnar skal framkvæmdastjórnin fylgja meginreglunum sem eru skráðar í sáttmálana og alþjóðlegum skuldbindingum Sambandsins.

6. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni allar upplýsingar sem geta skipt máli við uppfærslu Evrópuskrárinnar. Framkvæmdastjórnin skal senda hinum aðildarríkjunum allar upplýsingar sem máli skipta.

IV. BÁLKUR

ALMENN STJÓRNSÝSLUÁKVÆÐI

17. gr.

Tungumál

1. Endurvinnsluáætlunin fyrir skip sem um getur í 7. gr. skal rituð á tungumáli sem ríkið sem veitir skipaendurvinnslustöðinni starfsleyfi samþykkir. Ef tungumálið sem er notað er ekki enska, franska eða spænska skal endurvinnsluáætlun fyrir skip þýdd yfir á eitt þessara tungumála, nema ef stjórnvaldið hefur fullvissað sig um að þess sé ekki þörf.

2. Birgðaskrárvottorð og vottorð um tiltækileika til endurvinnslu sem eru gefin út skv. 9. gr. skulu rituð á opinberu tungumáli stjórnvaldsins sem gefur þau út. Ef notað er annað tungumál en enska, franska eða spænska skal fylgja með þýðing á eitthvert þessara tungumála.

18. gr.

Tilnefning lögbærra yfirvalda og stjórnvalda

1. Aðildarríkin skulu tilnefna lögbær yfirvöld og stjórnvöld sem bera ábyrgð á beitingu þessarar reglugerðar og skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um þær tilnefningar. Aðildarríkin skulu þegar í stað tilkynna framkvæmdastjórninni um allar breytingar á slíkum upplýsingum.

2. Framkvæmdastjórnin skal birta á vefsetri sínu skrár yfir tilnefndu lögbæru yfirvöldin og stjórnvöldin og skal hún uppfæra þær skrár eins og við á.

19. gr.

Tilnefning tengiliða

1. Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin skulu hvert um sig tilnefna einn eða fleiri tengiliði sem skulu bera ábyrgð á því að upplýsa eða ráðleggja einstaklingum eða lögaðilum sem leggja fram fyrirspurnir. Tengiliður framkvæmdastjórnarinnar skal framsenda til tengiliða aðildarríkjanna allar spurningar sem berast og varða þau síðarnefndu, og öfugt.
2. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um tilnefningu tengiliða. Aðildarríkin skulu þegar í stað tilkynna framkvæmdastjórninni um allar breytingar á þeim upplýsingum.
3. Framkvæmdastjórnin skal birta á vefsetri sínu skrár yfir tilnefndu tengiliðina og skal hún uppfæra þær skrár eins og við á.

20. gr.

Fundir tengiliða

Framkvæmdastjórnin skal, ef aðildarríkin fara fram á það eða ef talin er þörf á því, halda reglulega fundi með tengiliðunum til að taka til athugunar spurningar sem upp koma við framkvæmd þessarar reglugerðar. Viðkomandi hagsmunaaðilum skal boðið á slíka fundi, eða hluta slíkra funda, ef öll aðildarríkin og framkvæmdastjórnin koma sér saman um að það eigi við.

V. BÁLKUR

SKÝRSLUGJÖF OG FRAMFYLGD

21. gr.

Skýrslugjöf aðildarríkjanna

1. Hvert aðildarríki skal senda framkvæmdastjórninni skýrslu sem inniheldur eftirfarandi:
 - a) skrá yfir skip sem sigla undir fána þess sem gefin hafa verið út vottorð fyrir um tiltækileika til endurvinnslu og heiti skipaendurvinnslufyrirtækisins og staðsetningu skipaendurvinnslustöðvarinnar eins og þau koma fram í vottorðinu um tiltækileika til endurvinnslu,
 - b) skrá yfir skip sem sigla undir fána þess, sem yfirlýsing um verklok hefur borist fyrir,
 - c) upplýsingar um ólöglega endurvinnslu skipa, viðurlög og framhaldsaðgerðir sem aðildarríkið hefur ráðist í.
2. Á þriggja ára fresti skal aðildarríkið senda framkvæmdastjórninni skýrsluna með rafrænum hætti og eigi síðar en níu mánuðum eftir lok þriggja ára tímabilsins sem hún fjallar um.

Fyrsta rafræna skýrslan skal fjalla um tímabilið frá þeim degi þegar þessi reglugerð kemur til framkvæmda og fram til loka fyrsta reglubundna þriggja ára skýrslutímabilsins, sem tilgreint er í 5. gr. tilskipunar ráðsins 91/692/EBE ⁽¹⁾, eftir upphafsdagsetningu fyrsta skýrslutímabilsins.

⁽¹⁾ Tilskipun ráðsins 91/692/EBE frá 23. desember 1991 um að staðla og einfalda skýrslur um framkvæmd vissra tilskipana um umhverfismál (Stjttíð. EB L 377, 31.12.1991, bls. 48).

Framkvæmdastjórnin skal gefa út skýrslu um beitingu þessarar reglugerðar eigi síðar en níu mánuðum frá því að skýrslur aðildarríkjanna hafa borist henni.

3. Framkvæmdastjórnin skal færa þessar upplýsingar í rafrænt gagnasafn sem er varanlega aðgengilegt almenningi.

22. gr.

Framfylgd í aðildarríkjunum

1. Aðildarríkin skulu mæla fyrir um ákvæði um viðurlög við brotum gegn ákvæðum þessarar reglugerðar og gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þeim sé beitt. Viðurlögin, sem kveðið er á um, skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og letjandi.
2. Aðildarríkin skulu vinna saman, tvö eða fleiri, til að auðveldara sé að koma í veg fyrir eða koma upp um hugsanlega sniðgöngu á og brot gegn þessari reglugerð.
3. Aðildarríkin skulu tilgreina þá af fastráðnum starfsmönnum sínum sem bera ábyrgð á þeirri samvinnu sem um getur í 2. mgr. Framkvæmdastjórnin skulu sendar þær upplýsingar og skal hún dreifa samantekinni skrá til þessara starfsmanna.
4. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni þau ákvæði landslaga sinna sem varða framfylgd þessarar reglugerðar og gildandi viðurlög.

23. gr.

Beiðni um aðgerðir

1. Einstaklingar eða lögaðilar, sem brot gegn 13. gr. í tengslum við 15. gr. og 16. gr. (b-liður 1. mgr.) þessarar reglugerðar hefðu áhrif á eða er líklegt til að hafa áhrif á eða sem hafa nægjanlega hagsmuna að gæta að því er varðar ákvarðanatöku um umhverfismál í tengslum við brot gegn 13. gr. í tengslum við 15. gr. og 16. gr. (b-liður 1. mgr.) þessarar reglugerðar, skulu hafa rétt til að óska þess við framkvæmdastjórnina að hún grípi til aðgerða samkvæmt þessari reglugerð í tengslum við slíkt brot eða yfirvofandi hættu á slíku broti.

Hagsmunir fjálsra félagsamtaka sem styðja umhverfisvernd og uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í 11. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1367/2006 ⁽²⁾ skulu teljast nægjanlegir að því er varðar fyrstu undirgrein.

⁽²⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1367/2006 frá 6. september 2006 um beitingu ákvæða Árósasamningsins um aðgang að upplýsingum, þátttöku almennings í ákvarðanatöku og aðgang að réttlátri málsmeðferð í umhverfismálum hjá stofnunum og aðilum Bandalagsins (Stjttíð. ESB L 264, 25.9.2006, bls. 13).

2. Beiðni um aðgerðir skulu fylgja viðeigandi upplýsingar og gögn til stuðnings henni.

3. Ef beiðni um aðgerðir og meðfylgjandi upplýsingar og gögn sýna fram á með sannfærandi hætti að brotið hafi verið gegn 13. gr. í tengslum við 15. gr. og 16. gr. (b-liður 1. mgr.), eða að slíkt brot vofi yfir, skal framkvæmdastjórnin taka til athugunar slíkar beiðnir um aðgerðir ásamt meðfylgjandi upplýsingum og gögnum. Við slíkar aðstæður skal framkvæmdastjórnin veita viðkomandi skipaendurvinnslufyrirtæki tækifæri til að láta í ljós álit sitt að því er varðar beiðnina um aðgerðir og meðfylgjandi upplýsingar og gögn.

4. Framkvæmdastjórnin skal, svo fljótt sem auðið er og í samræmi við viðeigandi ákvæði laga Sambandsins, tilkynna aðilunum, sem lögðu fram beiðni skv. 1. mgr., um ákvörðun sína um samþykki eða synjun beiðninnar um aðgerðir og skulu ástæðurnar tilgreindar.

VI. BÁLKUR

LOKAÁKVÆÐI

24. gr.

Beiting framsals

1. Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir með fyrirvara um skilyrðin sem mælt er fyrir um í þessari grein.

2. Framkvæmdastjórninni skal falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, sem um getur í 8. mgr. 5. gr., í fimm ár á tímabili sem hefst 30. desember 2013. Framkvæmdastjórnin skal taka saman skýrslu, að því er varðar framsal valds, eigi síðar en níu mánuðum fyrir lok fimm ára tímabilsins. Framsal valds skal framlengt með þegjandi samkomulagi um jafnlangan tíma nema Evrópuþingið eða ráðið andmæli þeirri framlengingu eigi síðar en þremur mánuðum fyrir lok hvers tímabils.

3. Evrópuþinginu eða ráðinu er hvenær sem er heimilt að afturkalla framsal valds sem um getur í 8. mgr. 5. gr. Með ákvörðun um afturköllun skal bundinn endir á framsal þess valds sem tilgreint er í þeirri ákvörðun. Ákvörðunin öðlast gildi daginn eftir birtingu hennar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* eða síðar, eftir því sem tilgreint er í ákvörðuninni. Hún skal ekki hafa áhrif á gildi framseldra gerða sem þegar eru í gildi.

4. Um leið og framkvæmdastjórnin samþykkir framseldar gerð skal hún samtímis tilkynna það Evrópuþinginu og ráðinu.

5. Framseld gerð, sem er samþykkt skv. 8. mgr. 5. gr., skal því aðeins öðlast gildi að Evrópuþingið eða ráðið hafi ekki haft uppi nein andmæli innan tveggja mánaða frá tilkynningu um gerðina til Evrópuþingsins og ráðsins eða ef bæði Evrópuþingið og ráðið hafa upplýst framkvæmdastjórnina, áður en fresturinn

er liðinn, um þá fyrirætlan sína að hreyfa ekki andmælum. Þetta tímabil skal framlengt um tvo mánuði að frumkvæði Evrópuþingsins eða ráðsins.

25. gr.

Nefndarmeðferð

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar. Sú nefnd skal vera nefnd í skilningi reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

Skili nefndin ekki álitni skal framkvæmdastjórnin ekki samþykkja drögin að framkvæmdargerðinni og þriðja undirgrein 4. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011 skal gilda.

26. gr.

Umbreytingarákvæði

Frá og með birtingardegi Evrópuskrárinnar geta aðildarríkin, fram að deginum þegar þessi reglugerð kemur til framkvæmda, leyft endurvinnslu skipa í skipaendurvinnslustöðvum sem eru í Evrópuskránni. Í slíkum tilvikum gildir reglugerð (EB) nr. 1013/2006 ekki.

27. gr.

Breyting á reglugerð (EB) nr. 1013/2006

Eftirfarandi liður bætist við 3. mgr. 1. gr. reglugerðar (EB) nr. 1013/2006:

„i) skip sem sigla undir fána aðildarríkis sem fellur undir reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1257/2013 (*).

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1257/2013 frá 20. nóvember 2013 um endurvinnslu skipa og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1013/2006 og tilskipun 2009/16/EB (Stjúd. ESB L 330, 10.12.2013, bls. 1).“

28. gr.

Breyting á tilskipun 2009/16/EB

Eftirfarandi liður bætist við í IV. viðauka:

„49. Vottorð um birgðaskrá yfir hættuleg efni eða yfirlýsing um reglufylgni, eftir því sem við á, samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1257/2013 (*).

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1257/2013 frá 20. nóvember 2013 um endurvinnslu skipa og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1013/2006 og tilskipun 2009/16/EB (Stjúd. ESB L 330, 10.12.2013, bls. 1).“

29. gr.

Fjárhagslegur hvati

Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 31. desember 2016, leggja fyrir Evrópuþingið og ráðið skýrslu um hagkvæmni fjármálagernings sem myndi greiða fyrir öruggri og traustri endurvinnslu skipa og henni skal, ef við á, fylgja tillaga að nýrri löggjöf.

30. gr.

Endurskoðun

1. Framkvæmdastjórnin skal meta hvaða brot gegn þessari reglugerð skuli færð undir gildissvið tilskipunar 2008/99/EB til að ná fram jafngildi ákvæða, sem tengjast brotum, á milli þessarar reglugerðar og reglugerðar (EB) nr. 1013/2006. Eigi síðar en 31. desember 2014 skal framkvæmdastjórnin kynna niðurstöðurnar fyrir Evrópuþinginu og ráðinu ásamt tillögu að nýrri löggjöf ef við á.

2. Framkvæmdastjórnin skal endurskoða þessa reglugerð eigi síðar en 18 mánuðum fyrir gildistökudag Hong Kong-samningsins og á sama tíma leggja fram, ef við á, viðeigandi tillögur að nýrri löggjöf. Í þeirri endurskoðun skal, til að komast hjá tvíverknaði og stjórnsýsluálagi, taka til athugunar að taka inn í Evrópuskrána skipaendurvinnslustöðvar sem fá starfsleyfi samkvæmt Hong Kong-samningnum.

3. Framkvæmdastjórnin skal hafa þessa reglugerð í stöðugri endurskoðun og, ef við á, leggja fram tímanlegar tillögur til að takast á við þróun í tengslum við alþjóðasamninga, þ.m.t. Basel-samninginn, ef slíkt reynist nauðsynlegt.

4. Þrátt fyrir 2. mgr. skal framkvæmdastjórnin, áður en fimm ár eru liðin frá deginum þegar þessi reglugerð kemur til framkvæmda, leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið um beitingu þessarar reglugerðar ásamt, ef við á, tillögum að nýrri löggjöf til að tryggja að markmið hennar séu uppfyllt og áhrif hennar tryggð og réttlætunleg.

31. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 20. nóvember 2013.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

M. SCHULZ

forseti.

32. gr.

Gildistaka

1. Reglugerð þessi gildir frá þeirri fyrri af eftirfarandi tveimur dagsetningum, en þó ekki fyrir 31. desember 2015:

a) sex mánuðum eftir að samanlagt árlegt hámarksskipaendurvinnslufrálag skipaendurvinnslustöðvanna sem eru í Evrópuskránni samsvarar ekki minna en 2,5 milljónum tonna, reiknað í eigin þyngd. Árlegt skipaendurvinnslufrálag skipaendurvinnslustöðvar er reiknað sem summan af þyngd skipa, sett fram sem eigin þyngd í tonnum, sem hafa verið endurunnin á tilteknu ári á þeirri starfsstöð. Hámarksskipaendurvinnslufrálagið er ákvarðað með því að velja hæsta gildið frá undanfönum tíu árum fyrir hverja skipaendurvinnslustöð eða, ef um er að ræða skipaendurvinnslustöð sem er nýbúin að fá starfsleyfi, hæsta árlega gildið sem náðst hefur á þeirri starfsstöð eða

b) hinn 31. desember 2018.

2. Hins vegar skulu, í tengslum við eftirfarandi ákvæði, eftirfarandi dagsetningar gilda:

a) Ákvæði 2. gr., 5. gr. (annarrar undirgreinar 2. mgr.), 13., 14., 15., 16., 25. og 26. gr. frá 31. desember 2014,

b) ákvæði fyrstu og þriðju undirgreinar 2. mgr. 5. gr. og 1. og 8. mgr. 12. gr. frá 31. desember 2020.

3. Framkvæmdastjórnin skal birta tilkynningu um daginn þegar þessi reglugerð kemur til framkvæmda, þegar skilyrðin sem um getur í a-lið 1. mgr. hafa verið uppfyllt, í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. Ef aðildarríki hefur lokað landsbundinni skipaskrá sinni eða engin skip hafa siglt undir fána þess á þriggja ára tímabili og svo lengi sem ekkert skip er skráð undir fána þess getur það aðildarríki vikið frá ákvæðum þessarar reglugerðar, að undanskildum 4., 5., 11., 12., 13., 14., 16. (6. mgr.), 18., 19., 20., 21. og 22. gr. Ef aðildarríki ætlar sér að notfæra sér þessa undanþágu skal það tilkynna framkvæmdastjórninni um það eigi síðar en daginn þegar þessi reglugerð kemur til framkvæmda. Allar síðari breytingar skulu einnig tilkynntar framkvæmdastjórninni.

Fyrir hönd ráðsins,

V. LEŠKEVIČIUS

forseti.

I. VIÐAUKI

EFTIRLIT MEÐ HÆTTULEGUM EFNUM

Hættulegt efni	Skilgreiningar	Eftirlitsráðstafanir
Asbest	Efni sem innihalda asbest	Ný uppsetning úr efni sem inniheldur asbest er bönnuð í öllum skipum.
Ósoneyðandi efni	<p>Takmörkunarskyld efni sem eru skilgreind í 4. mgr. 1. gr. Montreal-bókunarinnar um efni sem valda rýrmun ósonlagsins frá 1987, skráð í A-, B-, C- eða E-viðauka við bókunina, sem eru í gildi þegar þessi viðauki kemur til framkvæmda eða er túlkaður.</p> <p>Ósoneyðandi efni sem kunna að finnast um borð í skipum eru til dæmis en takmarkast ekki við:</p> <p>Halón 1211 brómklóríflúóormetan</p> <p>Halón 1301 brómtríflúóormetan</p> <p>Halón 2402 1,2-díbróm-1,1,2,2-tetraflúóretan (einnig þekkt sem Halón 114B2)</p> <p>CFC-11 tríklórflúóormetan</p> <p>CFC-12 díklóríflúóormetan</p> <p>CFC-113 1,1,2-tríklór-1,2,2-tríflúóretan</p> <p>CFC-114 1,2-díklór-1,1,2,2-tetraflúóretan</p> <p>CFC-115 klórþentaflúóretan</p> <p>HCFC-22</p> <p>Klóríflúóormetan</p>	Ný uppsetning sem inniheldur ósoneyðandi efni er bönnuð í öllum skipum.
Fjöklóruð bifenyli (PCB)	“Fjöklóruð bifenyli”: arómatísk efnasambönd sem eru mynduð þannig að í stað vetnisatómanna á bifenyli sameindinni (tveir bensenhringir bundnir saman með einu kolefnis-kolefnistengi) geta komið allt að tíu klórátóm	Ný uppsetning úr efni sem inniheldur fjöklóruð bifenyli er bönnuð í öllum skipum.
Perflúoroktansúlfónsýra (PFOS) ⁽¹⁾	„Perflúoroktansúlfónsýra“ (PFOS): perflúoroktansúlfónsýra og afleiður hennar	Ný uppsetning sem inniheldur perflúoroktansúlfónsýru (PFOS) og afleiður hennar er bönnuð í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 850/2004 ⁽²⁾ .
Gróðurhindrandi efnasambönd og -kerfi	Gróðurhindrandi efnasambönd og -kerfi sem falla undir I. viðauka alþjóðasamningsins um eftirlit með skaðlegum, gróðurhindrandi efnum og/eða búnaði á skipum frá 2001 (AFS-samningurinn) sem er í gildi þegar þessi viðauki kemur til framkvæmda eða er túlkaður.	1. Engin skip mega beita gróðurhindrandi kerfum, sem innihalda lífræn tinsambönd sem sæfiefni, né heldur gróðurhindrandi kerfi sem beiting eða notkun á er bönnuð samkvæmt AFS-samningnum.

Hættulegt efni	Skilgreiningar	Eftirlitsráðstafanir
		2. Engin ný skip eða nýjar uppsetningar í skipum má beita gróðurhindrandi efnasamböndum eða -kerfum eða nota þau á hátt sem ekki samræmist AFS-samningnum.

(¹) Nær ekki til skipa sem sigla undir fána þriðja lands

(²) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 850/2004 frá 29. apríl 2004 um þrávirk, lífræn mengunarefni og um breytingu á tilskipun 79/117/EBE (Stjórn ESB L 158, 30.4.2004 bls. 7).

*II. VIÐAUKI***SKRÁ YFIR FÆRSLUR FYRIR BIRGÐASKRÁ YFIR HÆTTULEG EFNI**

1. Öll hættuleg efni sem eru skráð í I. viðauka
 2. Kadmíum og kadmíumefnasambönd
 3. Sexgilt króm og efnasambönd með sexgildu krómi
 4. Blý og blýefnasambönd
 5. Kvikasilfur og kvikasilfursefnasambönd
 6. Fjölbromað bifeníl (PBB)
 7. Fjölbromaðir dífenýleterar (PBDE)
 8. Fjöklóruð naftalen (með fleiri en þrjú klóratóm)
 9. Geislavirk efni
 10. Tiltekin keðjustutt, klóruð paraffín (alkón, C10-C13, klór)
 11. Brómað eldtefjandi efni (HBCDD)
-